



SK-Speglun
slf.

Sjöfn Kristjánsdóttir læknir
Sérfr almennum lyflækningum og meltingarsjúkdómum
Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1, 109 Rvík.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN PICOPREP TIL ÚTHREINSUNAR FYRIR RISTILSPEGLUN EFTIR HÁDEGI.

Ath ekki þarf lyfseðil fyrir Picoprep og Toilax töflur fylgja með úthreinsleiðbeiningum.

1. DAGUR

Tært fljótandi fæði drekka amk 2-3 lítra á dag.

Kl 22:00 Toilax 5mg 2 töflur.

2. DAGUR

Tært fljótandi fæði

Kl. 20:00 Drekka fyrri skammtinn af Picoprepi (blandið með vatni)

Kl. 22:00 taka Toilax 5mg 2 töflur.

Gott er að ganga um gólf og hreyfa sig eftir inntöku Picopreps.

3. DAGUR MÆTA KL _____

KL 08:00 drekka seinni skammtinn af Picoprepi (blandið með vatni).

Hreyfa sig eftir inntöku.

Best er að taka ekki járnlyf 4 daga fyrir rannsókn og ekki magnyl og lík lyf í 5 daga fyrir rannsókn. Sama á við um blóðþynningarlyf t.d. Kovar.

Ef einungis á að gera ristilspeglun má drekka vökva þar til 2 klst fyrir rannsókn en ef bæði á að gera maga- og ristilspeglun þá þar til 4 klst. fyrir speglun.

ATH: EKKI MÁ AKA 6 KLST. EFTIR SPEGLUN VEGNA LYFJA SEM GEFIN ERU.

ATH: ENGAR-MJÓLKURVÖRUR

DÆMI UM TÆRT FLJÓTANDI FÆÐI:

Síaðir ávaxtasafar.

Te og kaffi með sykri eða hunangi.

Hafraseyði eða hrísgrjónaseyði.

Tært fitulaust soð. Soð af teningum eða Drikkebullion duft.

Síaðar ávaxta- og saftsupur.

Eplasafi og allir gosdrykkir.